


# Samstarf um betri skóla

Helstu áherslur og umbætur eftir foreldraviðtöl í janúar 2026

Grunnskólinn í Hveragerði – Upplýsingar til foreldra og forráðamanna



Kærar þakkir fyrir samtölin í foreldraviðtölum 22. janúar síðastliðinn. Að loknum viðtölum rýnum við alltaf í niðurstöður og leggjum okkur fram um að bregðast við ábendingum sem þar koma fram.



Við starfsfólk Grunnskólans í Hveragerði leggjum mikinn metnað í að skapa öruggt, hvetjandi og skapandi skólaumhverfi fyrir börnin okkar. Liður í því er að rýna reglulega í starfsemina og leita leiða til að gera gott starf enn betra. Í kjölfar ábendinga og innra mats höfum við nú hafið vinnu við nokkur mikilvæg umbótaverkefni. Grundvöllurinn að góðu skólastarfi er öflug samvinna og við ætlum að leggja sérstaka rækt við að allir verkferlar okkar séu skýrir og skilvirkir. Hér á eftir eru talin upp nokkur af þeim atriðum sem við leggjum áherslu á næstu misserin.



Samkvæmt  
mælingum  
Skólapúls er agi á  
uppleið í  
skólanum.

Við erum að vinna að því að skýra betur stefnu skólans þegar kemur að agamálum og uppfærslu á skólareglum. Markmiðið er að ferlar séu gagnsærir og að foreldrar fái góðar upplýsingar um hvernig tekið er á málum ef þau koma upp. Skýr samskipti eru lykillinn að góðu samstarfi heimilis og skóla. Samkvæmt mælinum Skólapúls er agi á uppleið í skólanum. Á nemendapingi haustið 2025 voru skólareglur til umfjöllunar með sérstöku kastljósi á reglur um snjalltæki. Nemendaráð hefur lagt áherslu á að mötuneyti og salur séu símalaus svæði og stjórn félagsins fylgir þeim reglum eftir ásamt starfsfólki. Sú vinna gengur vel.

**Símalaus svæði**



Reglulega er heimasíða skólans til skoðunar og upplýsingar gerðar aðgengilegri. Sérstök áhersla verður nú lögð á **skóladagatal** og munu foreldrar geta niðurhlaðið dagatali beint í Google eða Outlook svo foreldrar geti fylgst enn betur með viðburðum í gegnum sitt eigið dagatal. Upplýsingar og leiðbeiningar fyrir nýja nemendur hafa verið gerðar skýrari.



**Google &  
Outlook**



Það er forgangsmál að öllum líði vel í skólanum. Við tryggjum að eineltisáætlun skólans sé öllum sýnileg og að ferlar séu skýrir. Allir foreldrar eiga að vita nákvæmlega hvernig farið er með tilkynningar og hvaða ferli fer af stað þegar mál koma upp. Sjá á heimasíðu skólans: <https://grunnskoli.hveragerdi.is/is/moya/page/eineltisaaetlun> Samkvæmt mælingum Skólapúls fyrir síðasta skólaár þá var einelti í GíH undir landsmeðaltali eineltis.

Við leggjum mikla áherslu á farsæld nemenda í öllu okkar starfi. Við viljum minna á að á heimasíðu skólans er að finna upplýsingar um tengiliði farsældar. Tengiliðirnir eru til staðar fyrir ykkur og nemendur ef upp koma áskoranir sem varðar velsæld nemenda. Hvort sem það tengist námi eða félagslegri líðan. Við hvetjum ykkur til að nýta þetta úrræði og senda þeim póst ef þið teljið þörf á samvinnu, samþættingu eða stuðningi. <https://grunnskoli.hveragerdi.is/is/stodthjonusta/farsaeld-barna>

# Gæði kennslu og fjölbreytni

## Ný viðmið



Vinna er hafin við ný viðmið um gæði kennslustunda.

## Rödd nemenda



Nemendur munu taka þátt í að rýna gæði kennslustunda.

## Markmið



Að mæta þörfum nemenda með fjölbreyttari kennsluháttum. Við viljum tryggja að námið höfði til allra og að allir finni sína styrkleika.

Á dögnum hófst vinna kennara við að viðmiðum um gæði kennslustunda. Nemendur munu líka rýna í gæði kennslustunda. Samhliða því skoðum við hvernig við getum mætt þörfum nemenda okkar enn betur með fjölbreyttari kennsluháttum, til að tryggja að námið höfði til allra og allir finni sína styrkleika.

## „Enginn fæðist snillingur í stærðfræði.“

Það kom skýrt fram í foreldraviðtölum að nokkur hópur nemenda okkar á elsta stigi – og jafnvel foreldrar líka – upplifa að stærðfræðin sé áskorun sem getur stundum valdið smá höfuðverk. Við viljum byrja á því að segja, það er allt í lagi! Stærðfræði er eins og hver önnur íþrótt eða jafnvel tónlistarnám. Hún krefst æfingar, þolinmæði og stundum bara aðeins öðruvísi nálgunar til að „ljósið kvikni“. Því ætlum við að bjóða upp á aukatíma í stærðfræði. Markmiðið er að styðja enn betur við okkar frábæru nemendur og létta á pressunni sem getur skapast heima fyrir. Tímarnir verða á mánudögum, þriðjudögum og miðvikudögum strax að loknum hefðbundnum skóladegi. Allir nemendur sem vilja dýpka skilning sinn á stærðfræði fá aðstoð við stærðfræðinámið og einfaldlega æfa sig í góðu umhverfi undir leiðsögn kennara með áratugareynslu af stærðfræðikennslu. Þetta er ekki „aukavinna“ í neikvæðum skilningi, heldur tækifæri til að mæta á eigin forsendum, spyrja allra „asnalegu“ spurninganna, sem oft eru þær mikilvægustu og byggja upp sjálfstraust í stærðfræðinni. Enginn fæðist snillingur í stærðfræði, við verðum góð með því að þora að reyna og gera mistök.



Við hvetjum ykkur til að ræða þetta við ykkar unglinga. Við trúum því að með þessum auka stuðningi getum við breytt stærðfræðikvíða í stærðfræðigleði. Fyrirkomulag tímanna verður nánar auglýst í næstu viku.

Skólalóðin er mikilvægur staður fyrir hreyfingu og félagsþroska. Við ætlum að fara yfir leiktæki og afþreyingu á útisvæðum til að bæta upplifun og vellíðan nemenda í

frímínútum. Skólalóðin er almenningsgarður utan skólatíma og því metnaðarmál Hveragerðisbæjar að lóðin sé sem glæsilegust.

Samstarf og samvinna GíH og frístundamiðstöðvarinnar Bungubrekku er í ákveðnum og góðum föstum farvegi.

Við leggjum mikinn metnað í að vinna okkar vinnu af fagmennsku, yfirvegun og í góðu samráði við starfsfólk og foreldra. Við höldum ykkur upplýstum um framgang okkar vinnu eftir því sem hún þróast og munum leita eftir samtali og samráði þegar við á. Samvinna heimila og skóla er lykillinn að farsælu skólastarfi og við þökkum ykkur fyrir traust, samstarf og góðar ábendingar.

